

Lífsleikni í Auðarskóla

Kæri oddviti og aðrir sveitastjórnarmenn,

Ég ætla að ræða um lífsleiknina hjá unglingadeild Auðarskóla. Við nemendur í unglingadeild Auðarskóla fáum einn tíma í viku í lífsleikni og viljum koma með ábendingar um þetta fag. Við myndum vilja fá betri nýtingu á lífsleiknitímanum. Við teljum að mikill hluti tímana fari upplýsingagjöf varðandi skólann, skammir og þessháttar óviðkomandi lífsleikni.

Á námskrávef grunnskóladeildar Auðarskóla sem sjá má á heimasíðu Auðarskóla stendur, og ég les orðrétt: “Námsgreinar eins og lífsleikni og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styrkja á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra.”

Við teljum að við hefðum meira gagn af tímanum ef okkur yrði kennd fjármálalæsi, mannréttindi, efla borgarvitund og eitthvað í samræmi við það sem kemur fram í námskrá Auðarskóla.

Takk fyrir mig

grunnskolanamskra.weebly.com/megintilgangur9.html